

samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Hofi í Hofsóskauptún, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda. 77 24. maí.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um skifting Arnarneshrepps í tvö sveitarfélög. 78 24. maí.

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 15. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefnd Arnarneshrepps um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hér segir:

1. Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal skift í tvö sveitarfélög, þannig að takmörkin milli hinna nýju hreppa verði landamerkin milli jarðanna Hillna og Fagraskógs og nefnist ytri hlutinn Árskógshreppur en innri hlutinn haldi nafninu Arnarneshreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Arnarneshrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveður á um fjallskil og afrétti.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Arnarneshreppi sem dómpinghá né manntalsþinghá.